

Stofnfiskur hf.  
Staðarberg 2-4  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. nóvember 2019

UST201901-303/H.S.J.

08.12.02

**Efni Reglubundið eftirlit, 1.11. 2019, hjá Stofnfiski, Kollafirði.**


Þann 1. nóvember sl. fór fram eftirlit í Stofnfiski, Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.1 í starfsleyfi. Heimild leyfis er framleiðsla allt að 20 tonnum á ársgrundvelli. Skv. ársyfirlitum rekstraraðila var framleiðsla bæði 2017 og 2018 yfir leyfilegu magni.
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Hámark losunar eldisins er 8 kg P/framleitt tonn og 60 kg N/ framleitt tonn. Losun hefur hvorki verið áætluð frá fóðurnotkun, né frá mælingum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. desember, 2019.

Virðingarfyllst



Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

|  |   |   |   |
|--|---|---|---|
| Nafn rekstraraðila:<br><b>Stofnfishur</b>      | Dags. eftirlits:<br><b>01.11.19</b>           | Staðsetning stöðvar:<br><b>Kollafjörður</b> | Brottfallinn starfsleyfisflokkur:<br><b>4</b> |
| Kennitala rekstraraðila:<br><b>620391-1079</b> | Gildistími starfsleyfis:<br><b>15.09.2021</b> | Kvittun afhent:<br><b>Já</b>                | Gerð stöðvar:<br><b>Landeldi</b>              |

| Starfssemi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:  |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi?  |                | X                       |            | Skv. ársyfirliti 2017 og 2018 var framleiðsla yfir 20 tonnum.  |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar?   | X              |                         |            | Síðan seinasta eftirlit fór fram er búið að taka í notkun búnað sem geislar allt vatn sem kemur inn í stöðina.<br>Þar sem leigusamningur Stofnfishs við Ríkið rennur út á næstunni ætlar fyrirtækið að færa þann hluta starfseminnar sem er í Kollafirði inn í stækkað leyfi í Vogavík, en það leyfi er í umsóknarferli. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi.  | X              |                         |            | Skráningar mjög góðar.   |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?   | X              |                         |            | Var skilað 6. maí en ekki er skilaskylda í starfsleyfi.  |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?   |                |                         | X          | Á ekki við.  |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | X              |                         |            | Er á staðnum í gæðahandbók, nýjesta útgáfu áhættumats var send á eftirlitsaðila.<br>Neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar var einnig aðgengileg á staðnum.   |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?  |                |                         | X          | Á ekki við.  |

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

|  |   |  |  |  |
|--|---|--|--|--|
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X |  |  | Gildir til 31.3.20 og er í gildi fyrir allar stöðvar Stofnfishs.   |
| Er neyðaráætlun til staðar?              | X |  |  | Rekstraraðili hyggst senda staðfestingu frá móttökuaðila dauðfisks ef til massadauða kemur að viðkomandi hafi tök á því að taka við sliku magni. |

| Umhverfi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:  |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?   | X              |                         |            | GlobalG.A.P. vottun.   |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?  | X              |                         |            | Skífufóðrarar á klukku, gefið samkvæmt vaxtartöflum.<br>Einnig er fylgst með hvernig fiskur tekur, m.t.t. hitastigsbreytinga á vatni og annars.  |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis?<br>Eru losunarmörk vrit?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar?   |                | X                       |            | Sýni voru tekin 2018 á inntaksvatni og í annarri frárennslisútrás, en ekki hinni.<br>Losun í kg/framleitt tonn hafði ekki verið reiknuð.<br>Hámark í leyfi er 8 kg P/tonn og 60 kg N/tonn.   |
| Ástand frárennslis.<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olia eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitauppgufun frá frárennslí?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennslí? | X              |                         |            | Frárennslí úr húsum út í fyrstu settjörn og út í skurð leit vel út.<br>Örlítið af fóðurleifum sjáanlegar við útrás í skurð.<br>Seinni settjörn leit einnig vel út.   |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka.   | X              |                         |            | Frárennslí frá klaki og stærstu seiðum rennur út í skurð. Þar eru ristar til varnar slysasleppingum. Þaðan rennur vatnið út í settjörn.<br>Frárennslí frá hinu húsi rennur fyrst í litla settjörn við húsið, þar eru ristar til varnar slysasleppingum og sem grípa stærstu agnir, þeim er svo sópað niður í tjörnina til varnar stíflum. Eftir fyrri settjörn rennur frárennslíð nokkurra metra leið og |

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

|   |   |   |   |  |  |
|---|---|---|---|--|--|
|   |   |   |   | <p>sameinast frárennsli úr hinu húsi við settjörnina.</p> <p>Eftir settjörnina rennur vatnið áfram og undir þjóðveg 1 þar sem það rennur í lón. Í þessu lóni gætir sjávarfalla.</p>  |  |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).                        | X |   |   | <p>Leyfið er gefið út með losun í ferskvatn.</p> <p>Frárennslið rennur eftir skurðakerfi um 1 km að sjávarlóni við botn Kollafjarðar.</p>  |  |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.   |   |   | X |  |  |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?     | X |   |   | <p>Sjálfdauðum fiski er safnað saman og frystur þar til farið er með hann í Sorpu Álfnesi. Þar er hann urðarður/bræddur.</p> <p>Svæfðum hængum er fargað á sama hátt.</p> <p>Plast og pappi er flokkaður. Til staðar er pappírstunna frá Reykjavíkurborg en rekstraraðili skilar plasti inn sjálfur.</p> |  |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?   |   | X |   | <p>Ekki hefur verið fylgst með losun eldisins á fosfór eða köfnunarefni í kg/tonn.</p>   |  |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.   |   | X |   | <p>Niðurstöðum þeirra sýna sem voru tekin var skilað til UST með ársyfirliti en vöktunin telst ekki fullnægjandi þar sem mat á losun fosfórs og köfnunarefnis hefur ekki farið fram, líkt og kemur fram hér að ofan.</p>   |  |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.                              |   |   | X |  |  |
| Næstu áætluðu mælingar?<br>Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | X |   |   | <p>Sýni verða tekin núna á haustmánuðum, í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.</p> <p>Sýni ehf. sér um mælinguna.</p>  |  |

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

| Niðurstöður síðasta eftirlits:   |   |
|--|---|
| Farið var í eftirlit í seyðastöð fyrirtækisins í Kollafirði 2017. Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu. |   |
| <b>Samantekt:</b>  | <p>Eldi stofnfishs þar sem klak og seiðaeldi fer fram til framleiðslu fisks sem notaður er við hrognaframleiðslu í Vogavík.</p> <p>Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang, þar sem farið hefur verið yfir framleiðsluheimild seinustu tvö ár, sem og varðandi losun fosfórs og köfnunarefni, þar sem losun eldisins hefur ekki verið reiknuð út.</p> <p>Mjög há afföll eru, þar sem eftir sónarskoðun eru hængar í stöðinni svæfðir og þeim í kjölfarið fargað.</p> <p>Aðstæður í stöðinni eru góðar, skráningar góðar og snyrtilegt um að lílast.</p> <p>Frárennsli leit vel út. Athuga þarf þó að mæla fosfór og köfnunarefni í frárennsli frá báðum húsum, ekki bara öðru líkt og gert hefur verið. Einnig bentí eftirlitsaðili á að taka skyldi sýni þar sem vatn kemur úr seinni settjörn eða fer út í sjávarlón. Við útreikninga á losun frá eldinu út frá punktmælingum þarf að taka tillit til flæðis og styrk efna í vatni í skurðum áður en frárennslið rennur í þá sem og hlutfalli framleiðslu/lifmassaaukningu/fóðrunar í vikunni sem mælt er miðað við almanaksárið.</p> |
| <b>Annað:</b>  | Eftirlitsaðili bentí rekstraraðila á að starfsleyfið gildir til 15. september 2021 og huga byrfti að endurnýjun. Þar sem færa á starfsemina til Vogavíkur undir stækkað leyfi sem er í umsóknarferli, er rekstraraðili að skoða hvernig er best að haga þeim málum.   |

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfishkur hf. Kollafjörður



|                     |                          |                         |                          |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 1.11.2019                | Ábyrgðarmaður eftirlits | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Fyrirtæki           | Stofnfishkur hf.         | Eftirlitsmaður          |                          |
| Heimili             | Staðarberg 2-4           | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 6203911079               | Flokkur                 | Fiskeldi                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Eiríkur Andri Gunnarsson | ÍSAT nr.                |                          |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ella Kristín Geirdóttir  | Staðsetning             |                          |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang og skráningar á losun fosfórs og köfnunarefnis. Engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

| Frávik frá            | Lýsing á fráviki   |
|-----------------------|--|
| Gr. 1.1 í starfsleyfi | Heimild leyfis er framleiðsla allt að 20 tonnum á ársgrundvelli. Skv. ársyfirlitum rekstraraðila var framleiðsla bæði 2017 og 2018 yfir leyfilegu magni. |
| Gr. 3.1 í starfsleyfi | Hámark losunar eldisins er 8 kg P/framleitt tonn og 60 kg N/ framleitt tonn. Losun hefur hvorki verið áætluð frá fóðurnotkun, né frá mælingum.           |

## ANNAÐ

Eftirlitsaðili benti rekstraraðila á að starfsleyfið gildir til 15. september 2021 og huga þyrfti að endurnýjun. Þar sem færa á starfsemina til Vogavíkur undir stækkað leyfi sem er í umsóknarferli, er rekstraraðili að skoða hvernig er best að haga þeim málum.

Rekstraraðili vill koma því á framfæri að framleiðslan hafi farið 0,47% yfir hámark 2017 og 2% yfir hámark 2018 en stefni á að vera innan marka 2019.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2019

  
Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffia Jónasdóttir

bls. 4